

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi við Kirkjulund í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Kirkjulund í Garðabæ, lóð fyrir minjaskála. Breytingin felst í því að byggingarreitur fyrir minjaskála er lengdur um 5 metra til suðausturs og nýtingarhlutfall hækkar. Áður samþykkt deiliskipulag af lóðinni fellur úr gildi. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 30. apríl 2002.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.